

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

9. fundur haldinn í fundarsal C ÍSÍ 18. 1. 2016 kl. 20:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður, Kristinn Arason varaformaður, Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir ritari, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnandi, Bergþóra Kristín formaður tækninefnar í hóp fimleikum, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri, Sæunn Viggósdóttir fjármálastjóri og Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri.

Forföll boðaði: Þóra Margrét Hjaltested

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

## 1. Tækninefnd í hóp fimleikum óskar eftir því að fá erlenda dómara á Íslandsmót

*Á undanförnum árum hefur skapast sú hefð að fá tvo erlenda dómara til að dæma á Íslandsmóti fullorðinna í hóp fimleikum.*

Erindið er samþykkt.

## 2. Erindi frá nefnd um fimleika fyrir alla um fararstjóra á EG og GA

*Nefnd um fimleika fyrir alla leggur til fararstjóra á Eurogym og Golden Age*

Stjórn FSÍ vill hafa þrjú fararstjóra á Golden Age þar sem að um svo marga þátttakendur er að ræða eða um 120 manns. Stjórn felur skrifstofu að vinna samkvæmt ferlum við val á fararstjórum.

Fararstjórar á Eurogym samþykktir.

## 3. Erindi frá FFA um Colloqium

*Nefnd um fimleika fyrir alla óskar eftir því að fá að senda aðila á FIG Gymnastics for all Colloqium sem haldið verður í Dornbirn í Austurríki dagana 19.-22. Maí 2016.*

Erindi er samþykkt.

## 4. Erindi frá Ármanni varðandi Irinu Sazonovu

*Stjórn fimleikadeildar Ármanns spyr stjórn FSÍ um næstu skref varðandi undankeppni Ólympíuleikana*

Framkvæmdastjóri fundar með formanni fimleikadeildar Ármanns og fer yfir næstu skref.

## 5. Erindi tækninefndar í hóp fimleikum um verkefni fyrir stráka í hóp fimleikum

*Tækninefnd í hópfimleikum leggur til ÍS – verkefnið sem er ætlað að fjölga íslenskum strákum í hópfimleikum og halda þeim lengur í íþróttinni.*

Jákvætt tekið í verkefnið og óskað eftir nánari útfærslu.

## **6. Erindi frá Fjölni og Ármanni**

*Fjölnir og Ármann óskar eftir að fá að keppa með sameiginlegt lið í meistaraflokki í hópfimleikum á nústandandi keppnistímabili*

Erindið var samþykkt í tölvupósti áður en fundur fór fram þar sem félagaskiptaglugginn lokaði þann 15. janúar.

**Fundi slitið klukkan 22:37**

**10. fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 1. febrúar kl. 20:00**